# Skólaráðsfundur

**27. febrúar 2024 kl. 8:15 á skrifstofu skólastjóra**

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson og Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúar kennara, Erla Ösp Ísaksdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Kristín Eva Harðardóttir fulltrúi foreldra. Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Örlygur Svanur Aðalsteinsson fulltrúi nemenda.

1. **Skóladagatal Stóru-Vogaskóla**
   Skólastjóri fór yfir skóladagatal næsta skólaárs, 2024-2025.

2. **Skipulag næsta skólaárs**
   Verið er að vinna að skipulagi næsta skólaárs. Mikil óvissa er með nemendafjölda í ört stækkandi sveitarfélagi. Efst á baugi eru húsnæðismál.

3. **Niðurstöður lestrarprófa**
   Farið yfir niðurstöður lesfimiprófa sem lögð voru fyrir í janúar. Þar er skólinn í heildina aðeins undir landsmeðaltali fyrir utan 10. bekk sem er yfir landsmeðaltali. Ljóst er að skoða þarf betur lestrarmál á miðstigi þar sem frávikin eru mest.

4. **Valgreinar á unglingastigi**
   Farið yfir þær valgreinar sem standa unglingastiginu til boða í skólanum. Valgreinar þessa skólaárs voru skoðaðar en verið er að vinna í valgreinum fyrir skólaárið 2024-2025. Fjölmargar áhugaverðar valgreinar standa unglingum til boða.

5. **Önnur mál**
   a) Rætt hvort kajakar skólans gætu verið nýttir í sumarnámskeið hjá vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar. Hefur áður verið rætt við tómstundarfulltrúa sveitarfélagsins.
   b) Umferðaröryggismál skólabarna rædd. Ákveðið að skólaráð geri drög að fyrirspurn til bæjarráðs.
   c) Skólaráð lýsir yfir áhyggjum af skólahúsnæði við þá miklu fjölgun nemenda sem nú stendur yfir.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarritari: Hilmar Egill